

SKRÁ

yfir ættarnöfn, er upp hafa verið tekin á árinu 1925.

1. Árnason.
2. Gunnlaugsson.
3. Hallgrímsson.
4. Hofdal.
5. Kristmanns.
6. Markan.
7. Rósenkranz.
8. Valfells.
9. Varmdal.

EMBÆTTI.

30. jan. var hjeraðslækni í Rangárhjeraði, Guðmundi Guðfinnssyni, samkvæmt umsókn hans, allramildilegast veitt lausn frá embætti.

5. febr. var Helgi Jónasson læknir settur til að gegna hjeraðslæknisembættinu í Rangárhjeraði.

27. mars var hjeraðslækni í Miðfjarðarhjeraði, Ólafi Gunnarssyni, veitt lausn frá embætti.

2. apríl var Jónas Sveinsson læknir settur til að gegna hjeraðslæknisembættinu í Miðfjarðarhjeraði.

14. s. m. var settur sóknarprestur í Staðarprestakalli í Steingrímsfirði, síra Þorsteinn Jóhannesson, skipaður sóknarprestur sama staðar frá 1. júní þ. á. að telja.

15. s. m. var settur sóknarprestur í Landeyjaþingum, síra Jón J. Skagan, skipaður sóknarprestur sama staðar frá 1. júní þ. á. að telja.

20. s. m. var settur prófessor Guðmundur Thoroddsen allramildilegast skipaður prófessor innan læknadeildar Háskóla Íslands.